

Höttur í jólafrí í 3. sæti

Skrifað af Körfuboltadeild

Föstudagur, 14 Desember 2012 00:23

Tveggja vikna frí fór ekki vel í okkar menn og þeir lágu fyrir sterku Hamarsliði í síðustu viku 73-88. Í kvöld unnum við hins vegar FSU, 108-93 og förum í jólafríð í þriðja sæti deildarinnar með 12 stig eftir 6 sigra og 2 töp. Besti árangur sem við höfum lengi séð og við erum í toppbaráttu. Leikurinn gegn FSU var hörkuleikur og þó Höttur hafi leitt allan leikinn var forystan ekki nema fjögur stig um miðjan fjórða leikhluta. Frisco Sandidge spilaði lítið í síðari hálfleik, var sparaður í þriðja leikhluta, með fjórar villur, kom svo inn á og fékk fljótlega sína fimmtu villu. Frábært að sjá að aðrir leikmenn stigu upp og kláruðu leikinn. Viðar og Austin Magnús voru stigahæstir með 28 og 27 stig. Benedikt Hjarðar skoraði 2 stig og braut eina framtönn eftir olnbogaskot. Hattarar hittu úr 17 þriggja stiga skotum í leiknum!